



Félag löggiltra endurskoðenda

Fyrirtækjamening - siðfræði eða spilling?

Ætlað:	Opið öllum
Leiðbeinendur:	Vilhjálmur Jens Árnason, stundakennari við HÍ og Ingunn H. Hauksdóttir, endurskoðandi hjá Ernst & Young ehf.
Staður:	Grand Hótel Reykjavík
Tími:	Fimmtudaginn 17. september 2015 kl. 13:00 – 16:00
Einingar:	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum siðareglur og fagleg gildi
Verð:	Kr. 18.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 24.000 fyrir aðra
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE

Námskeiðslýsing:

Fjallað verður almennt um siðfræði og hvernig siðferði virkar innan veggja fyrirtækja. Hvernig getur siðferði í viðskiptum haft áhrif á traust og tiltrú markaðarins? Stenst það að heilbrigðir viðskiptahættir og hátt siðferðisgildi haldist í hendur við tekjuvöxt? Einnig rætt um mismunandi fyrirtækjameningu og hvort hægt sé að byggja upp menningu sem styrkir siðferðislega hegðun. Hvað ber að hafa í huga þegar þú mætir mismunandi menningu og hvað ber að varast? Farið yfir hugmyndir um gagnrýna hugsun, fagmennsku og faglega tortryggni og þátt endurskoðenda í að vinna á mótí og uppgötva sviksemi og spillingu. Þá er gerð grein fyrir könnun sem EY gerði nýverið varðandi sviksemi og spillingu og verða helstu niðurstöður reifaðar. Þátttakendur fá raunhæf dæmi og verkefni að glíma við.

Markmiðslýsing: Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að:

- Hafa yfirsýn yfir hvernig mismunandi siðferði getur haft áhrif á traust og tiltrú á markaði
- Þekkja hvernig mismunandi fyrirtækjamening getur haft áhrif á störf endurskoðenda
- Vera betur í stakk búin til að nota gagnrýna hugsun til að þekkja til sviksemisáhættu og hvaða ábyrgð endurskoðandi ber við framkvæmd endurskoðunar er hana varðar.

Leiðbeinendur:



Vilhjálmur Jens Árnason er stundakennari í viðskiptasiðfræði við Viðskiptafræðideild, Háskóla Íslands, og forstöðumaður Siðvís sem er rannsóknarmiðstöð í viðskiptasiðfræði starfrækt í samstarfi við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Hefur einnig starfað sjálfstætt og unnið fjölda verkefna um kortlagningu, þróun og tækifæri í íslensku atvinnulífi. Með víðtæka reynslu úr íslensku viðskiptalífi m.a. sem aðstoðarframkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, forstöðumaður hjá Útflutningsráði og sem kynningarstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Hefur lokið MBA námi frá Háskólanum í Reykjavík, Mastersnámi í heimspeki við Edinborgarháskóla og BA prófi í heimspeki frá Háskóla Íslands.



Ingunn H. Hauksdóttir hefur starfað undanfarin 16 ár við endurskoðun og reikningskil. Hún útskrifaðist sem löggiltur endurskoðandi í janúar 2005 og hefur starfað hjá Ernst & Young frá árinu 2011. Ingunn er jafnframt stundakennari við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.